

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, nr. 1504/2020.

#### 1. gr.

19. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt skal fyrir alla vinnu og tæki. 45% álag er lagt á útselda vinnu starfsmanna slökkviliðs eftir kl. 16 á virkum dögum og um helgar. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

#### 2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 6. maí 2021 með tilvísun til heimildar í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðlast þegar gildi.

*Ísafjarðarbæ, 6. maí 2021.*

**Birgir Gunnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2021